

**560. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 10.  
september 2020  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Berglind Eir Egilsdóttir (BEE) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 560 lögmætan.

Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að fundargerð 38. fundar Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar, sem er með málsnúmer 2008002F verði tekin á dagskrá og var það samþykkt.

**Dagskrá:**

**1. Skólastefna Tálknafjarðarhrepps - 2006234**

Drög að skólastefnu Tálknafjarðarhrepps dagsett í maí 2020 lögð fram. Mál frá 37. fund Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar 09.06.2020 þar sem drögin voru lögð fram og vísað til umfjöllunar í sveitarstjórn.

*Sveitarstjóra falið að ganga frá áætluninni í endanlegt form og leggja til staðfestingar fyrir næsta fund sveitarstjórnar.*

**2. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024**

Á fundinum verður lögð fram tillaga að vinnu- og fundaaætlun vegna fjárhagsáætlunargerðar 2021.

*Framlögð vinnu- og fundaaætlun vegna fjárhagsáætlunargerðar 2021 samþykkt samhljóða.*

**3. Tjón vatnstjón í íþróttahúsi - 2005065**

Vinnugögn vegna framkvæmda við vatntjón í íþróttahúsi eru lögð fram.

*Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til að auglýsa útboð vegna verksins þegar útboðsgögn verða tilbúin.*

**4. Erindi um hugsanlegt samstarf við bæinn vegna verkefnis hjá Traustur Kjarni - 1904026**

Samstarfsyfirlýsing milli Tálknafjarðarhrepps og Trausts kjarna, félagasamtaka, verður lögð fram á fundinum til staðfestingar.

*Samstarfsyfirlýsingin er samþykkt með fjórum atkvæðum. BSH situr hjá við afgreiðslu málsins.*

## 5. **Upplýsingar um samstarfssamninga - 1801058**

Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 24.08.2020 þar sem gerðar eru athugasemdir við þrjá samninga Tálknafjarðarhrepps vegna samvinnu sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög. Gefinn er frestur til 15. nóvember n.k. til að ljúka við yfirferð þessara samninga og annarra sem fela í sér samvinnu við önnur sveitarfélög, í því skyni að bæta úr þeim annmörkum sem tilgreindir eru.

*Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.*

## 6. **Breyting á deiliskipulagi - 1906380**

Mál frá 48. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 02.09.2020.

Vegna umsóknar um leyfi fyrir byggingu sólstofu er lagt til að deiliskipulag Íbúðasvæðis Túnahverfis verði breytt þannig að lóðin við Miðtún 7 verði stækkuð þannig að lóðarmörk verði 3 metrum frá garðskála. Lóðirnar nr. 9 og 11 verði minnkaðar sem því nemur.

BG víkur af fundi við afgreiðslu málsins vegna tengsla við það. Varaoddviti tekur við stjórn fundarins á meðan.

*Tillaga Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar um breytingu á deiliskipulagi Íbúðasvæðis Túnahverfis er samþykkt samhljóða.*

## 7. **Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 48 - 2006006F**

Fundargerð 48. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 02.09.2020 lögð fram til staðfestingar.

*Fundargerðin er samþykkt samhljóða.*

7.1 2001140 - Skipulagsvinna óskað eftir einstaklingum í starfshóp

7.2 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

7.3 2008156 - Efnistökusvæði E6 í Norður-Botni

7.4 2007096 - Pollurinn Tálknafirði grunur um Campylobakter sýkingu

7.5 2004602 - Strandgata 39-41, sameining lóða

7.6 2005092 - Húsvernd átak í húsvernd

7.7 2008145 - Umferðaröryggisáætlun

7.8 1811017 - Stöðuleyfi gáma

7.9 2007003 - Fasteignamat 2021

7.10 1710012 - Styrkur Minjavernd Umsókn frá minjavernd vegna verndarsvæða í byggð.

7.11 1906380 - Fyrirspurn um byggingu sólstofu

## **8. Fræðslu-,menningar-,íþróttta-, æskulýðsnefnd - 38 - 2008002F**

Fundargerð 38. fundar Fræðslu-, menningar-, íþróttta- og æskulýðsnefndar sem fór fram 08.09.2020 lögð fram til staðfestingar.

*Liður nr. 2 í fundargerðinni er samþykktur samhljóða.*

*Fundargerðin er samþykkt samhljóða.*

8.1 2009237 - Starfsáætlun Tálknafjarðarskóla 2020-2021

8.2 1910528 - Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarskóli

8.3 2009227 - Skóladagatal 2020-2021

8.4 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

8.5 2008188 - Sjóður námsleyfasjóður hefur opnað fyrir umsóknir

8.6 2009228 - Grænfáni afhending grænfána 01.09.2020

8.7 2002265 - Heimsfaraldur COVID 19

8.8 2002213 - Upplýsingagjöf skólastjóra 2020

8.9 2005065 - Tjón vatnstjón í íþróttahúsi

8.10 2009231 - Félagsmiðstöð 2020-2021

8.11 2008175 - Ungmennaráð um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga

8.12 2002168 - Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði

## **9. Leiðbeiningar við stofnun á samstarfssamningum sveitarfélaga - 2008154**

Leiðbeiningar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 20.08.2020 vegna samvinnu sveitarfélaga lagðar fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**10 Styrkur Aflið Akureyri, styrkbeiðni - 2009197**

Erindi frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, dags. 19.08.2020 lagt fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**11 Vinna stytting vinnuvikunnar - 2008180**

Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 25.08.2020 vegna styttingu vinnuviku dagvinnufólks lagður fram til kynningar ásamt minnisblaði sama efnis dags. 24.08.2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**12 Ársskýrsla 2019 Náttúrustofu Vestfjarða - 2005135**

Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2019 lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**13 Heimsfaraldur COVID 19 - 2002265**

Helstu niðurstöður starfshóps um fjármál sveitarfélaga og ábendingar varðandi gagnaöflun dags. 28.08.2020 lagðar fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**14 Skýrsla um starfsemi Ofanflóðanefndar 2009-2017 - 2008135**

Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 17.08.2020 vegna skýrslu um starfsemi Ofanflóðanefndar 2009-2017 lagt fram. Jafnframt er Skýrsla um starfsemi Ofanflóðanefndar 2009-2017 lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**15 Bæklingur 2.0 um áhrif áfengis á heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna - 2009220**

Bréf frá IOGT á Íslandi dags. 24.08.2020 vegna bæklings 2.0 um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna lagt fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**16 Nýtt fiskveiðár 2020 2021 hefst 1. september - 2009195**

Tölvupóstur frá Fiskistofu dags. 01.09.2020 þar sem úthlutun aflamarks fiskveiðiársins 2020/2021 er kynnt.

*Lagt fram til kynningar.*

**17 Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453**

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

*Lagt fram til kynningar.*

*Sveitarstjórn vill koma á framfæri þakklæti til starfsmanna tjaldsvæðis og íþróttamiðstöðvar fyrir góð störf við erfiðar aðstæður í sumar þegar álag vegna covid-19 var sem mest.*

**18 Fundargerðir 2020 samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2008190**

Fundargerð 55. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 03.09.2020 lögð fram. Jafnframt er lagt fram minnisblað dags. 28.08.2020 með punktum eftir samtalsfund um jarðgöng og samgöngur.

*Fundargerð lögð fram.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir áhyggjum yfir hugsanlegum töfum á framkvæmdum á vegagerð í Gufudalssveit. Íbúar og atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum mega ekki við frekari töfum á samgönguúrbótum.*

**19 Fundargerðir 2020 Fjallskilaneftirlit Vesturbyggðar - 2002228**

Fundargerð 23. fundar Fjallskilaneftirlit Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 31.08.2020 lögð fram.

*Fundargerð er lögð fram.*

**20 Fundargerðir 2020 Hafnasamband - 2001111**

Fundargerð 425. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 24.08.2020 er lögð fram.

**21 Fundargerðir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2002272**

Fundargerð 129. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðarsvæðis sem fór fram 27.08.2020 er lögð fram. Jafnframt er lögð fram skýrsla unnin af KPMG dags. í maí 2020 um greiningu á opinberu eftirliti á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 93/1995 um matvæli.

*Lagt fram til kynningar.*

**22 Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2002160**

Fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 28.08.2020 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:15.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)

---